

Reykjavík 21. apríl 2020

Skóla- og frístundaráð Reykjavíkur

Áhyggjur stjórnenda í frístundmiðstöðvum vegna sumarsins 2020

Stjórnendur frístundamiðstöðva og starfsmenn félagsmiðstöðva í Reykjavík hafa áhyggjur af sumrinu 2020 eftir mikið og langt tímabil unglunga í skertri þjónustu. Skóla- og frístundastarf hefur verið skert mikið og ekki heimilt að taka þátt í félagslegum uppákomum. Unglingar í nokkrum skólum höfðu í ofanálag verið heima í þó nokkurn tíma vegna verkfalla. Foreldrar hafa margir sett sig í samband við okkur þar sem þeir lýsa yfir depurð og vanvirkni unglunga sinna auk sem unglingar hafa sjálfir rætt við starfsmenn félagsmiðstöðva um vanlíðan og depurð. Við teljum mjög mikilvægt að vera tilbúin til að takast á við breytt landslag eftir að samkomubanni lýkur. Mikilvægt er að unglingum standi til boða fjölbreytt og metnaðarfullt starf í sumar sem stýrt er af fagmenntuðum sérfræðingum á vettvangi frítímans.

Leitarstarf

Félagsmiðstöðvar hafa skipulagt leitarstarf og verið sýnileg í hverfinu. Þörf fyrir þessa þjónustu er mikil og á rölti um hverfið gefst kostur á að kortleggja stöðuna og bregðast við hópamyndun, einmannaleika og áhyggjum unglunga sem þau hitta. Mikilvægt er að halda skipulögðu og auknu leitarstarfi áfram í sumar. Sjá kostnað í fylgiskjali.

Virknihópar félagsmiðstöðva í anda vinnuskóla

Í félagsmiðstöðvum starfa margir hlutastarfmenn sem jafnframt sinna námi. Eins og úthlutunarlíkan frístundamiðstöðva er, þá er ekki hægt að ráða alla vetrarstarfsmenn yfir sumarið. Um er að ræða hóp starfsmann sem hafa hlotið þjálfun og menntun í að vinna eftir stefnum borgarinnar, menntastefnu, mannréttindastefnu og frístundastefnu og þessir starfsmenn þekkja unglunga og unglingarnir treysta þeim. Frístundamiðstöðvar hafa í meira en tvo áratugi verið með margs konar virknihópa unglunga og ungmenna yfir sumarið þar sem unnið er með ólíkar þarfir þeirra. Unglingarnir fá laun líkt og þau væru í Vinnuskólanum en öll umsjón og ut anumhald er á vegum frístundamiðstöðva. Nú hefur Reykjavíkurborg, skóla- og frístundasvið gefið út metnaðarfulla menntastefnu þar sem óformlegu námi er gert jafn undir höfði og formlegu námi. Það er mikilvægt að gefa frístundamiðstöðvum það hlutverk að halda áfram að sinna óformlegri menntun í takt við menntastefnu yfir sumarið. Þá er mikilvægt að skoða samlegðaráhrif Vinnuskóla Reykjavíkur og hlutverk félagsmiðstöðva yfir sumarið og hvort að tímabært sé að auka hlutverk félagsmiðstöðva í menntun barna á sumrin. Þar eru til staðar fagmenn. Við skorum á SFS ráðið að veita frístundamiðstöðvum aukið hlutverk í að bjóða upp á fagstarf fyrir unglunga sumarið 2020 og veita unglingum tækifæri til að geta sótt um starf í virknihópum frístundamiðstöðva líka og í Vinnuskóla Reykjavíkur. Sjá kostnað í fylgiskjali.

F.h. frístundamiðstöðva
Atli Steinn Árnason, Gufunesbær
Árni Jónsson, Ársel
Guðrún Kaldal, Tjörnin
Haraldur Sigurðsson, Kringlumýri
Helgi Eiríksson, Miðberg

Fylgiskjal 1

Leitarstarf sumar 2020

Föruneytið- félagsmiðstöð á flandri. Í ljósi aðstæðna í samfélaginu og þar sem takmörkun hefur verið á hefðbundnu skóla- og frístundastarfi er mikilvægt að stuðla sérstaklega vel að verndandi þáttum í umhverfi barna og unglinga í sumar. Við sjáum mikil forvarnartækifæri í að félagsmiðstöðvar standi fyrir **vettvangsstarfi (e.fieldwork)** á opinberum vettvangi Reykjavíkur með það að markmiði að veita unglingum eftirlit og stuðning. Einnig væri það kjörið tækifæri til að kortleggja og afla upplýsinga um hvað fer fram utan skipulags skóla- og frístundastarfs í borginni. Verkefnið eykur samstarf félagsmiðstöðvastarfsmanna, lögreglu, barnaverndar og velferðarsviðs. Einnig munum við leita leiða til að efla foreldra í sínu hlutverki og efla þau í samstarfi og samskiptum við hvort annað og félagsmiðstöðina.

STARF: Tveir verkefnastjórar sem hefðu yfirumsjón með skipulagi og framkvæmd leitarstarfs í allri Reykjavík. 12 frístundaleiðbeinendur sem myndu vera saman tvö í sex leitarstarfsteymum sem myndu standa vaktina alla daga/kvöld nema sunnudaga. Þessi sex teymi myndu skipta með sér borgarhlutum og sinna leitarstörfum eftir að útivistartíma og skipulögðu frístunda- og félagsmiðstöðvastarfi lýkur.

Sjáum fyrir okkur að á dagvöktum þá séu tvö 3 gja manna teymi sem að standa fyrir pop-up félagsmiðstöð sitt hvoru megin við Elliðaárnar. Teymi eru þá einhverja daga á stað þar sem unglingarnir vita af þeim og aðra daga fara þau inn í vinnuskólahópa og skanna hverfin til að kanna hvort að þar séu unglingar sem eru ekki í virkni.

Gefin verður út dagskrá fyrir sumarið.

Mikilvægt að vinna í góðu samstarfi við allar frístundamiðstöðvar og félagsmiðstöðvar, lögreglu, þjónustumiðstöðvar og barnavernd.

Nánari útlistun á verkefninu er til sé þess óskað en verkefnið er unnið að fyrirmynd sænska útifélagsmiðstöðvastarfsmanna í Gautaborg og Lundi. Síðasta ár hlaut verkefnið styrk úr þróunarsjóði menntastefnu Rvíkur og það væri frábært og gagnlegt að fá að halda áfram að þróa þá vinnu nú þegar tilfinning okkar er að það þurfa að hlúa enn betur að unglingum og ungmennum eftir ástandið í samfélaginu og skort á félagslegum tengslum.

Starfsstöð: Frístundamiðstöðvar

ALDUR: Að lágmarki 20 ára.

MARKHÓPUR: Námsmenn og atvinnulaust félagsmiðstöðvastarfsfólk.

FJÖLDI SEM HÆGT VÆRI AÐ RÁÐA Í STARF: 14 manns í heildina. 2 verkefnastjórar og svo 12 manns á vettvangi.

LENGD RÁÐNINGATÍMABILS: Frá lok skólaárs til byrjun þess. 8.júní - 21.ágúst

STARFSHEITI: Starfið er sumarstarf sem gerir ekki ráð fyrir sértækri menntun. Einungis er gert ráð fyrir uppeldismenntun á háskólastigi í störfum verkefnastjóranna beggja. Þetta starf er ekki til sem sumarstarf .Frístundaleiðbeinendur og verkefnastjórar

ÁÆTLAÐUR LAUNAKOSTNAÐUR: Vinna í 10,5 vikur eða frá skólalokum þar til skólinn hefst aftur. Áætlaður launakostnaður er 20 milljónir

ANNAR VIÐBÓTARKOSTNAÐUR VEGNA RÁÐNINGA: Enginn

ÞARF AÐ AUGLÝSA STARFIÐ? Ráða úr hópi félagsmiðstöðvastarfsfólks sem hefur sótt um vinnu en getur ekki fengið og auglýsa.

Fylgiskjal 2

Fjölbreyttir frístundamiðstöðvavinnuhópar unglunga sumar 2020

Mikið tækifæri er fólgið í því að auka virkni unglunga í sumar og auka um leið atvinnutækifæri háskólanema, sjálfstætt starfandi listamanna og vetrarstarfsmanna félagsmiðstöðva sem ekki fá vinnu yfir sumartímann.

Frístundamiðstöðvar hafa í meira en 20 ár verið með virknihóp/vinnuskólahópa unglunga á sumrin þar sem unnið er fjölbreytta færni og margs konar virkni. Alls konar hópar hafa verið starfandi, skapandi listahópar, náttúruhópar, lifandi vegvísar, hópar þar sem unnið er með félagsfærni, hópar sem kenna eldri borgum á tækni, fjölmiðlahópar unglunga ofl. Unglingum er gefið rými til að skapa, þróa og prófa sig áfram í öruggu umhverfi. Meðan unglungarnir þjálfa sköpunarvöðvann, efla sjálfsmynd og trú á eigin getu glæða þau hverfin gleði, lífi og list. Sköpun er einn af lykilþáttum í menntastefnunni og gefur þetta starf unglingum tækifæri til að prufa sig áfram í starfa í skapandi umhverfi undir handleiðslu fagmanna á vettvangi frítímans.

STARF: Skapandi frístundamiðstöðvahópar í umsjón frístundamiðstöðvum í samstarfi við Vinnuskóla Reykjavíkur. Ráðnir yrðu leiðbeinendur til að vinna með unglingahópa. Unglingarnir yrðu skráðir til vinnu í gegnum vinnuskólann þar sem þau geta sótt um að vinna í virknihóp í frístundamiðstöð.

STARFSSTAÐUR: Frístundamiðstöðvar- félagsmiðstöðvar

ALDUR: 20 ára aldurstakmark fyrir leiðbeinendur. Virknihópar fyrir unglunga sem voru að ljúka 8.-10.bekk.

MARKHÓPUR: Unglingar í 8.- 10.bekk, háskólanemar og sjálfstætt starfandi listafólk, skapandi starfsfólk frístundamiðstöðva sem ekki var hægt að bjóða vinnu í sumar.

FJÖLDI SEM HÆGT VÆRI AÐ RÁÐA Í STARF: 2 leiðbeinendur ásamt 10 - 20 manna unglingahóp í hvert teymi. Fjöldi teyma færi eftir eftirspurn unglinganna í að taka þátt.

LENGD RÁÐNINGATÍMABILS: 5 vikur (frá lok skólaárs).

STARFSHEITI: Frístundaleiðbeinendur / frístundaráðgjafar.

ÁÆTLAÐUR LAUNAKOSTNAÐUR:

Frístundaráðgjafar: 616.000 x 2 = 1.232.000 fyrir eitt tveggja manna teymi.
Laun unglunga miða við launatöflu vinnuskólans.

ANNAR VIÐBÓTARKOSTNAÐUR VEGNA RÁÐNINGA: Efniskostnaður 100.000 á teymi.

ÞARF AÐ AUGLÝSA STARFIÐ? Hægt er að bjóða starfsfólki frístundamiðstöðvanna starfið sem ekki hefur hægt að bjóða starf í sumar og auglýsa eftir starfsmönnum.

